

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 272/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 6 í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magnatollur
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	18.11.-31.12.97	kg ótilgr.	% 30	kr./kg 0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 630

AUGLÝSING

3. nóvember 1997

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla í Rangárvallaprófastsdæmi.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.:

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1998.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Ragnheiður Harðardóttir.